

Mánudaginn 7. marzmán.

Nr. 35/1886

Einar Zoëga  
gegn  
Ólafi Steingrímssyni.

## D ó m u r :

Sök þessi er svo til komin, að gestgjafi Einar Zoëga telur sig eiga hjá hinum stefnda, Ólafi Steingrímssyni, 44 kr. 50 aura fyrir veitingar við útför bróður hans, Jakobs Steingrímssonar, er gjörð var sumarið 1884. Hefur Einar Zoëga skýrt svo frá, að Ólafur hafi beiðið sig að halda þessa útfarar-veizlu, og að hann hafi haldið vezluna einmitt í því trausti, að Ólafur borgaði kostnaðinn. Þegar nú Ólafur eigi vildi borga nefndan veitingakostnað, höfðaði Einar mál á móti honum fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, og var það dæmt hinn 4. nóvember f. á. með þeim úrslitum, að Ólafur var sýknaður fyrir kröfum stefnandans, og Einar dæmdur til að greiða 10 krónur í málskostnað. Dómi þessum hefur Einar Zoëga áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 25. nóvember f. á., og krafizt þess, að bæjarþingsdómnum verði algjörlega breytt þannig, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða hina umpráttuðu upphæð 44 kr. 50 aura með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, og allan málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi að skaðlausu.

Það er ljóst í máli þessu, að hinn stefndi var eigi að lögum skyldur að annast um og kosta útför Jakobs bróður síns, en að skylda til þess hafi hvílt á búi hans, eða lögerfingjum hans, en meðal þeirra var stefndi eigi.

Skylda stefnda til þess að borga áfrýjandanum útfararveizlu-kostnaðinn verður því eigi leidd af því, að hann yfir höfuð hafi verið skyldur að kosta útförina, enda hefur áfrýjandinn eigi beinlínis haldið því fram, heldur hinu, að stefndi hafi með því að biðja um veizluna tekið upp á sig þá skuldbindingu, að borga kostnaðinn. Sönnun fyrir því, að hinn stefndi hafi beðið um veizluna, er eigi önnur í málinu, en hans eigin viðurkenning, en þessi viðurkenning hans er þess innihalds, að hann hafi beðið um veizluna fyrir hönd erfingja Jakobs, sem að lögum áttu að annast um útförina. Viðurkenning þessi er því engin sönnun fyrir því, að hinn stefndi hafi tekið að sjer að borga veizluna, og með því að áfrýjandinn engin önnur rök hefur leitt að því, að stefnda bæri skylda til þess, þá ber að staðfesta bæjarþingsdóminn bæði að aðal-efninu til og eins með tilliti til málskostnaðar. Eptir þessum úrslitum málsins á áfrýjandinn að borga hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 12 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi bæjarþingsdómur á að vera órask-  
aður. Áfrýjandinn, Einar Zoëga, greiði hinum  
stefnda, Ólafi Steingrímssyni, málskostnað fyrir yfir-  
dómi með 12 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá  
lögbirtingu hans; ella sæti áfrýjandi aðför að lög-  
um.